



## Sex mánaða uppgjör Landsvirkjunar

Sterk fjármunamyndun og eiginfjárhlutfall í sögulegum hæðum

### Helstu atriði árshlutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 96,4 milljónum USD (12,0 ma.kr.), en var 86,7 milljónir USD á sama tímabili árið áður og hækkar því um 11,1% milli tímabila.<sup>1</sup>
- Hagnaður tímabilsins var 68,6 milljónir USD (8,5 ma.kr.) en var 54,5 milljónir USD á sama tímabili árið áður.
- Rekstrartekjur námu 259,7 milljónum USD (32,2 ma.kr.) og lækka um 9,8 milljónir USD (3,6%) frá sama tímabili árið áður.
- EBITDA nam 198,2 milljónum USD (24,6 ma.kr.). EBITDA hlutfall er 76,3% af tekjum, en var 73,4% á sama tímabili í fyrra.
- Nettó skuldir lækkuðu um 126,1 milljón USD (15,6 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok júní 1.758,5 milljónir USD (218,1 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 159,9 milljónum USD (19,8 ma.kr.) sem er 7,1% hækkun frá sama tímabili árið áður.

### Hörður Arnarson, forstjóri:


„Rekstur aflstöðva Landsvirkjunar gekk vel á fyrri hluta ársins 2019. Rekstur fyrirtækisins heldur áfram að þróast í rétta átt og efnahagur þess að styrkjast, en hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði eykst um 10 milljónir dollara milli ára. Nettó skuldir lækka um 126 milljónir dollara (15,6 milljarða króna) á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 og fer eiginfjárhlutfall nú í fyrsta skipti í sögu fyrirtækisins yfir 50%. Rekstrartekjur lækka um 4% en til móts hefur rekstrar- og viðhaldskostnaður ásamt vaxtagiöldum lækkað umtalsvert og handbært fé frá rekstri aukist um 7% milli ára. Vegna aðstæðna á alþjóðlegum hrávörumörkuðum er staða stærstu viðskiptavina krefjandi um þessar mundir.“

<sup>1</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 124




## Rekstur

### Þróun rekstrartekna



Rekstrartekjur halda áfram að vera sterkar þrátt fyrir smávægilega lækkun í seldu magni og talsverða lækkun álverðs og gengis íslensku krónunnar frá sama tímabili í fyrra. En áhrifa íslensku krónunnar gætir í sölu inn á heildsölumarkað.


### EBITDA og EBITDA hlutfall



Rekstrargjöld í íslenskum krónum mynda náttúrulega vörn á móti rekstrartekjum á heildsölumarkaði. Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir, EBITDA, nam 198 m. USD sem er sambærilegt og á sama tíma í fyrra.




## Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til við mat á grunnrekstri fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam 96 m. USD sem er 11% hækkun miðað við sama tímabil í fyrra.

## Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði á H1 2019




## Eiginfjárhlutfall komið yfir 50%


Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins) halda áfram að lækka og hefur eiginfjárhlutfall nú náð yfir 50% í fyrsta skipti í sögu fyrirtækisins. Frá áramótum hafa nettó skuldir lækkað um 126 m. USD en þær hafa lækkað um 234 m. USD frá sama tíma í fyrra. Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 160 m. USD á tímabilinu sem er 10,7 m. USD hærra en á sama tímabili í fyrra.



## Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé samstæðunnar nam 76,5 m. USD í lok júní 2019 og hefur lækkað um 39,7 m. USD frá áramótum. Handbært fé frá rekstri heldur áfram að vera sterkt og nú þegar miklu fjárfestingatímabili er að ljúka myndast tækifæri til að auka arðgreiðslur.



## Horfur í rekstri

Rekstur fyrirtækisins heldur áfram að styrkjast. Fjármunamyndun hefur verið sterk og verður áfram lögð áhersla á að greiða niður skuldir og að greiða arð til eiganda fyrirtækisins, íslensku þjóðarinnar. Markvisst hefur verið unnið að því að draga úr markaðsáhættu þar sem hlutfall fastra vaxta hefur verið aukið og dregið hefur verið úr gjaldmiðlaáhættu. Þá hefur verið dregið úr álverðsáhættu, annars vegar með samningum við nýja og núverandi viðskiptavini og hins vegar með notkun afleiðusamninga til áhættuvarna. Afkoma fyrirtækisins mun þó áfram ráðast af þróun markaða og eftirspurnar viðskiptavina.

Reykjavík, 16. ágúst 2019

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

s. 515 9000



## Um árshlutareikninginn

Árshlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

## Helstu stærðir árshlutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2019	2018	2017	2016	2015
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	255.523	273.946	234.172	204.452	210.979
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði .....	4.195	( 4.402)	( 1.812)	2.475	4.764
<b>Rekstrartekjur samtals</b> .....	259.718	269.544	232.360	206.927	215.743
Rekstrar- og viðhaldskostnaður .....	( 61.525)	( 71.789)	( 64.676)	( 51.720)	( 46.483)
<b>EBITDA</b> .....	198.193	197.755	167.684	155.207	169.260
Afskriftir og virðisrymnun .....	( 67.400)	( 61.839)	( 58.321)	( 58.471)	( 57.399)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b> .....	130.793	135.916	109.363	96.736	111.861
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 34.402)	( 49.192)	( 34.231)	( 32.256)	( 31.822)
<b>Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði</b> .....	96.391	86.724	75.132	64.480	80.039
<b>Óinnleystir fjármagnsliðir:</b>					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða .....	765	( 29.133)	35.816	14.391	( 13.591)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða .....	( 3.431)	14.046	( 2.951)	( 2.908)	( 3.475)
Óinnleystur gjaldeyrismunur .....	8.419	10.037	( 48.495)	( 20.914)	34.130
	5.753	( 5.050)	( 15.630)	( 9.431)	17.064
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	102.144	81.674	59.502	55.049	97.103
Tekjuskattur .....	( 33.586)	( 27.167)	( 19.789)	( 20.216)	( 33.203)
<b>Hagnaður</b> .....	68.558	54.507	39.713	34.833	63.900
<b>Efnahagur</b>	<b>30.6.2019</b>	<b>30.6.2018</b>	<b>30.6.2017</b>	<b>30.6.2016</b>	<b>30.6.2015</b>
Eignir samtals .....	4.355.140	4.486.572	4.379.436	4.233.437	4.150.537
Eigið fé samtals .....	2.191.134	2.099.502	1.995.963	1.937.653	1.750.658
Skuldir samtals .....	2.164.006	2.387.070	2.383.473	2.295.784	2.399.879
Nettó skuldir .....	1.758.546	1.992.640	2.017.227	1.946.033	2.018.559
<b>Lykiltölur</b>					
Handbært fé frá rekstri .....	159.892	149.239	142.366	123.841	146.428
Fjárfestingar .....	( 32.255)	( 96.656)	( 117.767)	( 51.132)	( 21.774)
Fjármögnun .....	( 165.788)	( 66.682)	( 62.681)	( 103.290)	( 148.425)
Lausafé alls .....	422.964	491.026	510.647	617.498	461.859
Eiginfjárhlutfall .....	50,3%	46,8%	45,6%	45,8%	42,2%
Arðsemi eiginfjár .....	6,4%	6,2%	3,7%	3,1%	6,4%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld) .....	5,70x	4,77x	5,32x	4,87x	4,39x
Nettó skuldir / EBITDA .....	4,51x	5,30x	6,42x	6,33x	5,82x

## Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.